

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur um lóðarleigusamninga innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Upplýsinga var aflað frá Þingvallanefnd til að svara fyrirspurninni.

1. *Hversu margir lóðarleigusamningar eru við eigendur sumarhúsa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum? Óskað er eftir að samningarnir verði flokkaðir í 5–10 hópa eftir fjárhæð leigu þar sem fram komi fjöldi samninga í hverjum hópi.*

Það eru 82 undirritaðir leigusamningar við eigendur sumarhúsa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Sé leigugjaldið flokkað í sex flokka skiptist það á eftirfarandi hátt:

Leigugjald	Fjöldi leigusamninga
< 100.000 kr.	6
101.000–125.999 kr.	12
126.000–150.999 kr.	19
151.000–175.999 kr.	23
176.000–200.999 kr.	11
200.000 kr. >	11

2. *Hver er upphæð ársleigu hjá þeim tíu sumarhúsaeygendum sem greiða hæsta lóðarleigu?*

Upphæð ársleigu hjá þeim tíu sumarhúsaeygendum sem greiða hæsta lóðarleigu skiptist þannig að sá sem greiðir hæstu lóðarleiguna greiðir 259.600 kr. á ári, sá sem greiðir næsthæstu lóðarleiguna greiðir 227.200 kr. á ári og næstu átta greiða 205.000 kr. á ári.

3. *Hvert er leiguverð á fermetra innan þjóðgarðsins? Óskað er eftir verðsamanburði við lóðarleigu á vinsælum sumarhúsasvæðum sem ráðuneytið telur sambærileg við þjóðgarðinn á Þingvöllum.*

Leiguverð er ekki reiknað út frá fermetratölu lóðar. Lóðarleigan er 6% af fasteignamati lóðarinnar, eins og það er hverju sinni á gjalddaga, auk árlegs gjalds sem er 40.000 kr. Leigugjald skal þó aldrei vera lægra en 80.000 kr., miðað við byggingarvísitölu í janúar 2011, en gjaldið/lágmarksleigan skal taka breytingum eftir vísitölu miðað við marsmánuð ár hvert.

Ráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um núverandi lóðarleiguverð á öðrum sumarhústaðasvæðum. Lóðarleiguverð á öðrum svæðum var þó skoðað af hálfu Þingvallanefndar og haft til hliðsjónar þegar tekin var ákvörðun um leigufjárhæð við endurnýjun lóðarleigusamninga á árinu 2010.

